



Við erum öll  
almannavarnir

# Ef grunur vaknar um veikindi viðskiptavina

6 góð ráð fyrir starfsfólk í ferðapjónustu á tímum Covid-19

## HVAÐA EINKENNI ÞARF ÉG AÐ ÞEKKJA?

### Einkenni COVID-19 sýkingar minna á venjulega flensu

- ✔ Hiti, hósti, bein- og vöðvaverkir og þreyta
- ✔ Kviðverkir, ógleði, uppköst, niðurgangur eru ekki áberandi með COVID-19 en þekkjast
- ✔ Breytingum eða tapi á bragð- og lyktarskyni er lýst hjá 20–30% sjúklinga

## HVERNIG Á ÉG AÐ BREGÐAST VIÐ?

### Talaðu við þinn yfirmann eða þann sem fyrirtækið felur að sjá um COVID-19 viðbrögð

- ✔ Segðu frá gruninum og á hverju hann byggist. Sá aðili metur aðstæður og ákveður næstu skref í samræmi við áætlun fyrirtækis ef þessi staða kemur upp.

### Haltu fjarlægð og forðastu samneyti við viðkomandi

- ✔ Þetta gæti t.d. átt við að fresta herbergisþrifum eða taka ekki að þér að keyra viðkomandi til lækni/sýnatöku.

### Ef viðkomandi hefur verið að nýta búnað sem fleiri nota

- ✔ Taktu búnaðinn úr notkun og notaðu hanska og grímu við meðhöndlun. Ef grunur um COVID-19 reynist réttur þá hefst önnur áætlun um þrif og hreinsun.

### Ef þú hefur verið í nánú samneyti við þann sem hefur einkenni

- ✔ Haltu fjarlægð gagnvart fjölskyldu, vinum og vinnufélögum þangað til niðurstaða úr skimun fæst. Rifjaðu upp hvar þú hefur verið til að auðvelda rakningu ef þörf krefur.

### Ef viðskiptavinur leitar til þín eftir aðstoð vegna hugsanlegra veikinda

- ✔ Haltu fjarlægð og vísaðu viðkomandi á númerið 1700. Þar er fyrirspurnum vegna veikinda svarað allan sólarhringinn. Í neyðartilvikum geturðu hringt í 112 og mundu að mikilvægt er að koma upplýsingum um grun um COVID-19 á framfæri. Þvoðu hendur og andlit og láttu næsta yfirmann tafarlaust vita.

### Ef ekki er tekið á málum af hálfu fyrirtækis eða viðskiptavinar hunsar ráð

- ✔ Sendu erindi á [covid19@landlaeknir.is](mailto:covid19@landlaeknir.is)



starfsafl

